



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa kjaramála

Efni: Nýr kjarasamningur Félags leikskólakennara til kynningar

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur skrifað undir nýjan kjarasamning við Félag leikskólakennara sem sendur er borgarráði til kynningar.

Gildistími: 1. janúar 2022 – 31. mars 2023.

Samningurinn felur í sér sambærilegar launahækkanir og Reykjavíkurborg hefur þegar samið við önnur stéttarfélög á grunni lífskjarasamningsins:

- 1. janúar 2022 hækka laun um kr. 25.000
- Annaruppbætur taka almennum hækkunum og verða kr. 96.000 1. júní 2022 og 1. desember 2022

Félag	Árleg Kostnaðaraukn.	Kostnaðaraukn. (%)
Félag Leikskólakennara (FL)	241.465.287	5,8%

Hjálagt:

Nýr kjarasamningur Félags leikskólakennara, undirritaður 27. apríl 2022

Fundargerð 122 fundar samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara

f.h. samninganefndar Reykjavíkurborgar,

Rakel Guðmundsdóttir

Mannauðs- og starfsumhverfissvið
Skrifstofa kjaramála

KJARASAMNINGUR

SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

F.H. ÞEIRRA SVEITARFÉLAGA OG
ANNARRA AÐILA SEM ÞAÐ HEFUR
SAMNINGSUMBOÐ FYRIR

KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

VEGNA

FÉLAGS LEIKSKÓLAKENNARA

GILDISTÍMI

1. JANÚAR 2022 TIL 31. MARS 2023

EFNISYFIRLIT

KAFLI 1: UM KAUP	3
1.1 FÖST MÁNAÐARLAUN	3
1.7 PERSÓNUUPPBÓT / DESEMBERUPPBÓT	3
KAFLI 15: SAMNINGSFORSENDUR OG GILDISTÍMI	5
15.1 GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR	5
BÓKANIR	6
BÓKANIR MEÐ SAMNINGI 2022	6
FYLGISKJÖL	7
FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR	7
FYLGISKJAL UM FRAMKVÆMD BETRI VINNUTÍMA Í LEIKSKÓLUM	12

INNGANGUR

Kjarasamningur aðila framlengist frá 1. janúar 2022 til 31. mars 2023 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Kjarasamningur þessi nær til félagsmanna í Félagi leikskólakennara er starfa samkvæmt kjarasamningi þessum hjá sveitarfélögum sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur samningsumboð fyrir.

KAFLI 1: UM KAUP

1.1 FÖST MÁNAÐARLAUN

Grein 1.1.1 um föst mánaðarlaun breytist og hljóði svo:

1.1.1 Föst mánaðarlaun

Mánaðarlaun þeirra starfsmanna sem hafa menntun í leikskólakennarafræðum eða menntun sem kennarar skv. lögum nr. 95/2019 og gegna fullu starfi, skulu greidd skv. eftirtöldum launatöflum A í fylgiskjali 1:

Launatafla A-1, gildistími: 1. janúar 2022 til 31. mars 2022.

Launatafla A-2 með hagvaxtarauka, gildistími: 1. apríl 2022 til 31. mars 2023.

Þeir starfsmenn sem voru í starfi fyrir 1. ágúst 2018 og tilkynntu vinnuveitanda ákvörðun sína um að fá viðbótarmenntun áfram metna til launaflokka skv. grein 10.4.1.1. fá greidd laun skv. launatöflum A-1 frá 1. janúar 2020.

Í þeim tilvikum sem starfsmaður hefur tilkynnt vinnuveitanda skriflega um nýja ákvörðun um að fá menntun metna til persónuálags tekur breytingin gildi næstu mánaðamót þar á eftir.

Fyrir viðbótarmenntun er aldrei hægt að fá bæði persónuálag og launaflokka á sama tíma.

Mánaðarlaun háskólamenntaðra starfsmanna sem gegna fullu starfi, skulu greidd skv. eftirtöldum launatöflum C í fylgiskjali 1:

Launatafla C-1, gildistími: 1. janúar 2022 til 31. mars 2022.

Launatafla C-2 með hagvaxtarauka, gildistími: 1. apríl 2022 til 31. mars 2023.

Grein 1.1.6 um önnur laun er starfinu fylgja. Lokasetning í greininni breytist og hljóði svo:

Á samningstímanum hækka önnur laun um 2,5% þann 1. janúar 2022.

1.7 PERSÓNUUPPBÓT / DESEMBERUPPBÓT

Grein 1.7.1 um persónuuppbót breytist og hljóði svo:

1.7.1 Starfsmaður í 100% starfshlutfalli fær greidda persónuuppbót 1. júní og 1. desember ár hvert. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma síðustu 12 mánuði fyrir greiðsludag. Hafi starfsmaður gengt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Hafi starfsmaður látið af störfum á árinu vegna aldurs skal hann fá greidda persónuuppbót hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Sama hlutfallsregla gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs sbr. 8. gr. laga nr. 95/2000. Sjá einnig gr. 12.1.3.

Persónuuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum sammingsins. Á persónuuppbót reiknast ekki orlofslaun.

Áunnin persónuuppbót skal gerð upp við starfslok starfsmanns.

Persónuuppbót miðað við 100% starfshlutfall á samningstímanum verður sem hér segir:

1. júní 2022	kr. 96.000,-
1. desember 2022	kr. 96.000,-

KAFLI 15: SAMNINGSFORSENDUR OG GILDISTÍMI

15.1 GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR

Grein 15.1 um gildistíma og samningsforsendur breytist og hljóði svo:

15.1.1 Samningur þessi kemur í stað áður gildandi kjarasamnings og gildir frá 1. janúar 2022 til 31. mars 2023, en samningurinn fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningi þeirra, svo sem vegna hagvaxtarauka, skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila.

15.1.2 Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 11. maí 2022. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 13:00 þann 11. maí 2022 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 27. apríl 2022.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga með fyrirvara um samþykki stjórnar.

F.h. Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

BÓKANIR

BÓKANIR MEÐ SAMNINGI 2022

BÓKUN 1 [2022] **Leiðsagnarkennarar**

Samningsaðilar eru sammála um það að á samningstímanum verði lögð fyrir könnun til hagsmunaaðila þar sem upplýsinga verði aflað um þá reynslu og framkvæmd sem fengist hefur af notkun skóla á starfsheitinu Leiðsagnarkennari.

BÓKUN 2 [2022] **Starfshópur um launatöflu og upptöku persónuálags vegna kennsluferils**

Aðilar eru sammála um að skipaður verði starfshópur sem skoði á samningstímanum núgildandi launatöflu þar sem bil á milli launaflokka hefur minnkað í kjölfar krónutöluhækkana. Þá verði jafnframt stefnt að því að greiða persónuálag vegna kennsluferils í stað launaflokka. Starfshópurinn skilar tillögum til samningsaðila fyrir 1. mars 2023 að breyttri launatöflu og fyrirkomulagi persónuálags vegna kennsluferils.

FYLGISKJÖL

FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR

Mánaðarlaun leikskólakennara sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirtöldum launatöflum:

Launatafla A-1, gildistími: 1. janúar 2022 til 31. mars 2022.

Launatafla A-2 með hagvaxtarauka, gildistími: 1. apríl 2022 til 31. mars 2023.

Félag leikskólakennara											
LAUNATAFLA A-1											
Leikskólakennarar											
Gildir frá 1. janúar 2022 til 31. mars 2022											
Starfsheiti	Menntunarkröfur	Lfi.	Grunnlaun	Persónuálag 2%	Persónuálag 4%	Persónuálag 6%	Persónuálag 8%	Persónuálag 10%	Persónuálag 12%	Persónuálag 14%	Persónuálag 16%
Aðstoðarleikskólakennari	IV	226	474.069	483.550	493.032	502.513	511.995	521.476	530.957	540.439	549.920
Aðstoðarleikskólakennari með sérkennslu/ verkefnastjórn/ sérgreinastjórn	IV	227	483.929	493.608	503.286	512.965	522.643	532.322	542.000	551.679	561.358
Aðstoðarleikskólakennari með deildarstjórn	IV	228	494.080	503.962	513.843	523.725	533.606	543.488	553.370	563.251	573.133
Háskólamenntaður starfsmaður með B.ed. próf í leikskólakennarafræðum / Háskólamenntaður sérkennari / verkefnastjóri / sérgreinastjóri með B.ed í leikskólakennarafræðum/ aðstoðarleikskólakennari með sérkennslustjórn	II	229	504.541	514.632	524.723	534.813	544.904	554.995	565.086	575.177	585.268
Háskólamenntaður deildarstjóri með B.ed. próf í leikskólakennarafræðum / Háskólamenntaður sérkennslustjóri / deildarstjóri með B.ed í leikskólakennarafræðum	II	230	515.316	525.622	535.929	546.235	556.541	566.848	577.154	587.460	597.767
	II	231	526.411	536.939	547.467	557.996	568.524	579.052	589.580	600.109	610.637
		232	537.839	548.596	559.353	570.109	580.866	591.623	602.380	613.136	623.893
Leikskólakennari	I	233	549.609	560.601	571.593	582.586	593.578	604.570	615.562	626.554	637.546
Leikskólasérkennari / Leikskólakennari, umsjón með þjálfun í grunnskóla / Verkefnastjóri / Sérgreinastjóri / Leikskólakennari með umsjón heilsdagsskóla (allt að 60 nemendur)	I	234	561.735	572.970	584.204	595.439	606.674	617.909	629.143	640.378	651.613
Deildarstjóri / Leikskólakennari með umsjón heilsdagsskóla (fleiri en 60 nemendur)	I	235	574.225	585.710	597.194	608.679	620.163	631.648	643.132	654.617	666.101
Sérkennslustjóri / Deildarstjóri staðgengill leikskólastjóra	I	236	587.087	598.829	610.570	622.312	634.054	645.796	657.537	669.279	681.021
		237	600.338	612.345	624.352	636.358	648.365	660.372	672.379	684.385	696.392
		238	613.982	626.262	638.541	650.821	663.101	675.380	687.660	699.939	712.219
		239	628.037	640.598	653.158	665.719	678.280	690.841	703.401	715.962	728.523
		240	642.515	655.365	668.216	681.066	693.916	706.767	719.617	732.467	745.317
		241	657.429	670.578	683.726	696.875	710.023	723.172	736.320	749.469	762.618
		242	672.785	686.241	699.696	713.152	726.608	740.064	753.519	766.975	780.431
		243	688.606	702.378	716.150	729.922	743.694	757.467	771.239	785.011	798.783
		244	704.902	719.000	733.098	747.196	761.294	775.392	789.490	803.588	817.686
		245	721.685	736.119	750.552	764.986	779.420	793.854	808.287	822.721	837.155
		246	738.974	753.753	768.533	783.312	798.092	812.871	827.651	842.430	857.210
		247	756.778	771.914	787.049	802.185	817.320	832.456	847.591	862.727	877.862
		248	775.117	790.619	806.122	821.624	837.126	852.629	868.131	883.633	899.136
		249	794.007	809.887	825.767	841.647	857.528	873.408	889.288	905.168	921.048
		250	813.463	829.732	846.002	862.271	878.540	894.809	911.079	927.348	943.617

Félag leikskólakennara											
LAUNATAFLA A-2 með hagvaxtarauka											
Leikskólakennarar											
Gildir frá 1. apríl 2022 til 31. mars 2023											
Starfsheiti	Menntunarkröfur	Lfl.	Grunnlaun	Persónu-álag 2%	Persónu-álag 4%	Persónu-álag 6%	Persónu-álag 8%	Persónu-álag 10%	Persónu-álag 12%	Persónu-álag 14%	Persónu-álag 16%
Aðstoðarleikskólakennari	IV	226	484.569	494.260	503.952	513.643	523.335	533.026	542.717	552.409	562.100
Aðstoðarleikskólakennari með sérkennslu/ verkefnastjórn/ sérgreinastjórn	IV	227	494.429	504.318	514.206	524.095	533.983	543.872	553.760	563.649	573.538
Aðstoðarleikskólakennari með deildarstjórn	IV	228	504.580	514.672	524.763	534.855	544.946	555.038	565.130	575.221	585.313
Háskólamenntaður starfsmaður með B.ed. próf í leikskólakennarafræðum / Háskólamenntaður sérkennari / verkefnastjórn / sérgreinastjórn með B.ed í leikskólakennarafræðum/ aðstoðarleikskólakennari með sérkennslustjórn	II	229	515.041	525.342	535.643	545.943	556.244	566.545	576.846	587.147	597.448
	II	230	525.816	536.332	546.849	557.365	567.881	578.398	588.914	599.430	609.947
Háskólamenntaður deildarstjóri með B.ed. próf í leikskólakennarafræðum / Háskólamenntaður sérkennslustjóri / deildarstjóri með B.ed í leikskólakennarafræðum	II	231	536.911	547.649	558.387	569.126	579.864	590.602	601.340	612.079	622.817
		232	548.339	559.306	570.273	581.239	592.206	603.173	614.140	625.106	636.073
Leikskólakennari	I	233	560.109	571.311	582.513	593.716	604.918	616.120	627.322	638.524	649.726
Leikskólasérkennari / Leikskólakennari, umsjón með þjálfun í grunnskóla / Verkefnastjórn / Sérgreinastjórn / Leikskólakennari með umsjón heilsdagsskóla (allt að 60 nemendur)	I	234	572.235	583.680	595.124	606.569	618.014	629.459	640.903	652.348	663.793
Deildarstjóri / Leikskólakennari með umsjón heilsdagsskóla (fleiri en 60 nemendur)	I	235	584.725	596.420	608.114	619.809	631.503	643.198	654.892	666.587	678.281
Sérkennslustjóri / Deildarstjóri staðgengill leikskólalastjóra	I	236	597.587	609.539	621.490	633.442	645.394	657.346	669.297	681.249	693.201
		237	610.838	623.055	635.272	647.488	659.705	671.922	684.139	696.355	708.572
		238	624.482	636.972	649.461	661.951	674.441	686.930	699.420	711.909	724.399
		239	638.537	651.308	664.078	676.849	689.620	702.391	715.161	727.932	740.703
		240	653.015	666.075	679.136	692.196	705.256	718.317	731.377	744.437	757.497
		241	667.929	681.288	694.646	708.005	721.363	734.722	748.080	761.439	774.798
		242	683.285	696.951	710.616	724.282	737.948	751.614	765.279	778.945	792.611
		243	699.106	713.088	727.070	741.052	755.034	769.017	782.999	796.981	810.963
		244	715.402	729.710	744.018	758.326	772.634	786.942	801.250	815.558	829.866
		245	732.185	746.829	761.472	776.116	790.760	805.404	820.047	834.691	849.335
		246	749.474	764.463	779.453	794.442	809.432	824.421	839.411	854.400	869.390
		247	767.278	782.624	797.969	813.315	828.660	844.006	859.351	874.697	890.042
		248	785.617	801.329	817.042	832.754	848.466	864.179	879.891	895.603	911.316
		249	804.507	820.597	836.687	852.777	868.868	884.958	901.048	917.138	933.228
		250	823.963	840.442	856.922	873.401	889.880	906.359	922.839	939.318	955.797

Mánaðarlaun háskólamenntaðra starfsmanna sem gegna fullu starfi, skulu greidd skv. eftirtöldum launatöflum C í fylgiskjali 1:

Launatafla C-1, gildistími: 1. janúar 2022 til 31. mars 2022.

Launatafla C-2 með hagvaxtarauka, gildistími: 1. apríl 2022 til 31. mars 2023.

Félag leikskólakennara								
LAUNATAFLA C-1								
Háskólamenntaðir starfsmenn								
Gildir frá 1. janúar 2022 til 31. mars 2022								
Starfsheiti	Lfl.	Grunnlaun	Persónu- álag 1,5%	Persónu- álag 3%	Persónu- álag 4,5%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 7,5%	Persónu- álag 9%
	245	465.426	472.407	479.389	486.370	493.352	500.333	507.314
	246	469.350	476.390	483.431	490.471	497.511	504.551	511.592
	247	473.314	480.414	487.513	494.613	501.713	508.813	515.912
	248	477.317	484.477	491.637	498.796	505.956	513.116	520.276
	249	481.360	488.580	495.801	503.021	510.242	517.462	524.682
	250	485.444	492.726	500.007	507.289	514.571	521.852	529.134
	251	489.568	496.912	504.255	511.599	518.942	526.286	533.629
Háskólamenntaður starfsmaður	252	493.734	501.140	508.546	515.952	523.358	530.764	538.170
	253	497.941	505.410	512.879	520.348	527.817	535.287	542.756
	254	502.191	509.724	517.257	524.790	532.322	539.855	547.388
	255	506.483	514.080	521.677	529.275	536.872	544.469	552.066
	256	510.817	518.479	526.142	533.804	541.466	549.128	556.791
	257	515.196	522.924	530.652	538.380	546.108	553.836	561.564
Háskólamenntaður sérkennari	258	519.617	527.411	535.206	543.000	550.794	558.588	566.383
Háskólamenntaður deildarstjóri / verkefnastjóri / sérgreinastjóri	259	524.084	531.945	539.807	547.668	555.529	563.390	571.252
	260	528.594	536.523	544.452	552.381	560.310	568.239	576.167
	261	533.150	541.147	549.145	557.142	565.139	573.136	581.134
Háskólamenntaður sérkennslustjóri	262	537.752	545.818	553.885	561.951	570.017	578.083	586.150
	263	542.399	550.535	558.671	566.807	574.943	583.079	591.215
	264	547.093	555.299	563.506	571.712	579.919	588.125	596.331
	265	551.834	560.112	568.389	576.667	584.944	593.222	601.499
	266	556.623	564.972	573.322	581.671	590.020	598.370	606.719
	267	561.459	569.881	578.303	586.725	595.147	603.568	611.990
	268	566.344	574.839	583.334	591.829	600.325	608.820	617.315
	269	571.277	579.846	588.415	596.984	605.554	614.123	622.692
	270	576.260	584.904	593.548	602.192	610.836	619.480	628.123
	271	581.292	590.011	598.731	607.450	616.170	624.889	633.608
	272	586.375	595.171	603.966	612.762	621.558	630.353	639.149
	273	591.509	600.382	609.254	618.127	627.000	635.872	644.745
	274	596.694	605.644	614.595	623.545	632.496	641.446	650.396
	275	601.931	610.960	619.989	629.018	638.047	647.076	656.105
	276	607.220	616.328	625.437	634.545	643.653	652.762	661.870
	277	612.563	621.751	630.940	640.128	649.317	658.505	667.694
	278	617.958	627.227	636.497	645.766	655.035	664.305	673.574
	279	623.408	632.759	642.110	651.461	660.812	670.164	679.515
	280	628.912	638.346	647.779	657.213	666.647	676.080	685.514
	281	634.471	643.988	653.505	663.022	672.539	682.056	691.573
	282	640.086	649.687	659.289	668.890	678.491	688.092	697.694
	283	645.757	655.443	665.130	674.816	684.502	694.189	703.875
	284	651.484	661.256	671.029	680.801	690.573	700.345	710.118
	285	657.269	667.128	676.987	686.846	696.705	706.564	716.423
	286	663.112	673.059	683.005	692.952	702.899	712.845	722.792
	287	669.013	679.048	689.083	699.119	709.154	719.189	729.224
	288	674.973	685.098	695.222	705.347	715.471	725.596	735.721
	289	680.993	691.208	701.423	711.638	721.853	732.067	742.282
	290	687.073	697.379	707.685	717.991	728.297	738.603	748.910
	291	693.213	703.611	714.009	724.408	734.806	745.204	755.602
	292	699.415	709.906	720.397	730.889	741.380	751.871	762.362
	293	705.680	716.265	726.850	737.436	748.021	758.606	769.191
	294	712.006	722.686	733.366	744.046	754.726	765.406	776.087
	295	718.396	729.172	739.948	750.724	761.500	772.276	783.052
	296	724.850	735.723	746.596	757.468	768.341	779.214	790.087
	297	731.369	742.340	753.310	764.281	775.251	786.222	797.192
	298	737.953	749.022	760.092	771.161	782.230	793.299	804.369
	299	744.602	755.771	766.940	778.109	789.278	800.447	811.616
	300	751.318	762.588	773.858	785.127	796.397	807.667	818.937

Félag leikskólakennara								
LAUNATAFLA C-2 með hagvaxtarauka								
Háskólamenntaðir starfsmenn								
Gildir frá 1. apríl 2022 til 31. mars 2023								
Starfsheiti	Lfl.	Grunnlaun	Persónu- álag 1,5%	Persónu- álag 3%	Persónu- álag 4,5%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 7,5%	Persónu- álag 9%
	245	475.926	483.065	490.204	497.343	504.482	511.620	518.759
	246	479.850	487.048	494.246	501.443	508.641	515.839	523.037
	247	483.814	491.071	498.328	505.586	512.843	520.100	527.357
	248	487.817	495.134	502.452	509.769	517.086	524.403	531.721
	249	491.860	499.238	506.616	513.994	521.372	528.750	536.127
	250	495.944	503.383	510.822	518.261	525.701	533.140	540.579
	251	500.068	507.569	515.070	522.571	530.072	537.573	545.074
Háskólamenntaður starfsmaður	252	504.234	511.798	519.361	526.925	534.488	542.052	549.615
	253	508.441	516.068	523.694	531.321	538.947	546.574	554.201
	254	512.691	520.381	528.072	535.762	543.452	551.143	558.833
	255	516.983	524.738	532.492	540.247	548.002	555.757	563.511
	256	521.317	529.137	536.957	544.776	552.596	560.416	568.236
	257	525.696	533.581	541.467	549.352	557.238	565.123	573.009
Háskólamenntaður sérkennari	258	530.117	538.069	546.021	553.972	561.924	569.876	577.828
Háskólamenntaður deildarstjóri / verkefnastjóri / sérgreinstjóri	259	534.584	542.603	550.622	558.640	566.659	574.678	582.697
	260	539.094	547.180	555.267	563.353	571.440	579.526	587.612
	261	543.650	551.805	559.960	568.114	576.269	584.424	592.579
Háskólamenntaður sérkennslustjóri	262	548.252	556.476	564.700	572.923	581.147	589.371	597.595
	263	552.899	561.192	569.486	577.779	586.073	594.366	602.660
	264	557.593	565.957	574.321	582.685	591.049	599.412	607.776
	265	562.334	570.769	579.204	587.639	596.074	604.509	612.944
	266	567.123	575.630	584.137	592.644	601.150	609.657	618.164
	267	571.959	580.538	589.118	597.697	606.277	614.856	623.435
	268	576.844	585.497	594.149	602.802	611.455	620.107	628.760
	269	581.777	590.504	599.230	607.957	616.684	625.410	634.137
	270	586.760	595.561	604.363	613.164	621.966	630.767	639.568
	271	591.792	600.669	609.546	618.423	627.300	636.176	645.053
	272	596.875	605.828	614.781	623.734	632.688	641.641	650.594
	273	602.009	611.039	620.069	629.099	638.130	647.160	656.190
	274	607.194	616.302	625.410	634.518	643.626	652.734	661.841
	275	612.431	621.617	630.804	639.990	649.177	658.363	667.550
	276	617.720	626.986	636.252	645.517	654.783	664.049	673.315
	277	623.063	632.409	641.755	651.101	660.447	669.793	679.139
	278	628.458	637.885	647.312	656.739	666.165	675.592	685.019
	279	633.908	643.417	652.925	662.434	671.942	681.451	690.960
	280	639.412	649.003	658.594	668.186	677.777	687.368	696.959
	281	644.971	654.646	664.320	673.995	683.669	693.344	703.018
	282	650.586	660.345	670.104	679.862	689.621	699.380	709.139
	283	656.257	666.101	675.945	685.789	695.632	705.476	715.320
	284	661.984	671.914	681.844	691.773	701.703	711.633	721.563
	285	667.769	677.786	687.802	697.819	707.835	717.852	727.868
	286	673.612	683.716	693.820	703.925	714.029	724.133	734.237
	287	679.513	689.706	699.898	710.091	720.284	730.476	740.669
	288	685.473	695.755	706.037	716.319	726.601	736.883	747.166
	289	691.493	701.865	712.238	722.610	732.983	743.355	753.727
	290	697.573	708.037	718.500	728.964	739.427	749.891	760.355
	291	703.713	714.269	724.824	735.380	745.936	756.491	767.047
	292	709.915	720.564	731.212	741.861	752.510	763.159	773.807
	293	716.180	726.923	737.665	748.408	759.151	769.894	780.636
	294	722.506	733.344	744.181	755.019	765.856	776.694	787.532
	295	728.896	739.829	750.763	761.696	772.630	783.563	794.497
	296	735.350	746.380	757.411	768.441	779.471	790.501	801.532
	297	741.869	752.997	764.125	775.253	786.381	797.509	808.637
	298	748.453	759.680	770.907	782.133	793.360	804.587	815.814
	299	755.102	766.429	777.755	789.082	800.408	811.735	823.061
	300	761.818	773.245	784.673	796.100	807.527	818.954	830.382

FYLGISKJAL UM FRAMKVÆMD BETRI VINNUTÍMA Í LEIKSKÓLUM

Leikskólastigið er mjög viðkvæmt þegar kemur að mönnun og hefur því innleiðing á betri vinnutíma reynst flóknari og erfiðari í framkvæmd en almennt gerist á öðrum vinnustöðum sveitarfélaga. Nauðsynlegt er að bregðast við með skýrum og markvissum hætti og finna lausnir í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Samningsaðilar eru sammála um að vinna markvisst að því að ákvæði í fylgiskjali 2 s.s. um samtal um skipulag vinnutíma verði uppfyllt. Mikilvægt er að þau tækifæri sem í fylgiskjali 2 felast verði nýtt til að ná fullri styttingu vinnutíma á gildistíma kjarasamningsins.

Fjölbreyttar leiðir geta nýst leikskólum við upptöku betri vinnutíma. Sem dæmi getur það hentað að hluti starfsfólks sé í daglegri styttingu, hluti í vikulegri styttingu og hluti í árlegri uppsöfnun sem tekin er út og raðað á ákveðna daga yfir árið. Á það við hvort heldur um er að ræða lágmarksstyttingu (13 mín. á dag) eða þá styttingu sem kemur til þegar gefið er eftir forræði yfir hluta eða öllum kaffitímanum (allt að 35 mín. á dag).

Með árlegri uppsöfnun er hægt að stilla af skólastigin hvað varðar starfs- og vinnutíma sem er mikilvægur þáttur í því að auka og halda jöfnu flæði á milli skólastiga sem er eitt af markmiðum laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Mikilvægt er að þær leiðir sem valdar eru til styttingar vinnutíma valdi ekki óhóflegu álagi á starfsfólk. Sérstaklega þarf að horfa til þess að hlutfall dvalartíma barna af vinnutíma starfsfólks hækki ekki samhliða styttingu vinnutíma og valdi þannig óhóflegu álagi án þess að brugðist sé við með rekstrarstýrandi aðgerðum af hálfu vinnuveitenda. Þær leiðir sem m.a. gætu haft áhrif til að sporna við aukningu á dvalartíma barna miðað við vinnutíma starfsfólks er að fækka árlegum vinnudögum starfsfólks, stytta daglegan meðal dvalartíma barna eða fjölga starfsfólki/stöðugildum.

Á gildistíma kjarasamningsins starfar stýrihópur samningsaðila. Í honum sitja fulltrúar frá SNS, FL og FSL. Stýrihópurinn getur kallað til aðra sérfræðinga til að koma að verkefninu ef þurfa þykir. Hlutverk hópsins er að styðja sveitarfélög og leikskóla við innleiðingu betri vinnutíma á grundvelli fylgiskjals 2 og þeirra leiðbeininga og fræðsluefnis sem aðilar hafa gefið út í þeim tilgangi að ná sem bestri niðurstöðu og uppfylla markmið þessa fylgiskjals.

Stýrihópurinn getur kallað eftir upplýsingum sem gagnast við að ná markmiðum þessa fylgiskjals sem og fylgiskjals 2 um:

- Hvort umbótasamtal hafi farið fram í öllum leikskólum sveitarfélags.
- Hvernig framkvæmd og lengd styttingar vinnutíma er í einstaka leikskólum.

Samningsaðilar hafa í sameiningu útbúið reiknivél (Betri vinnutími í leikskólum) til að meta og skoða breytingar á hlutfalli dvalartíma barna af vinnutíma starfsfólks sem innleiðing betri vinnutíma í leikskólum kann að leiða af sér í sveitarfélögum landsins. Eins er hægt að skoða í reiknivélinni hvernig hægt er að hafa áhrif á hlutfallið með fjölgun stöðugilda, styttri daglegum meðaldvalartíma barna og með færri árlegum skóladögum starfsfólks í leikskólum.

Stýrihópurinn skal sjá til þess að:

- Fyrir 1. ágúst 2022 liggi fyrir mat á hlutfalli dvalartíma barna af vinnutíma starfsfólks á árinu 2020 í leikskólum eftir sveitarfélögum. Stýrihópurinn hefur formlega samband við þau sveitarfélög sem mælast yfir landsmeðaltali 2020 af hlutfalli dvalartíma barna af vinnutíma starfsfólks og kemur á framfæri ábendingum að lausnum um hvernig hægt er að ná markmiðum þessa fylgiskjals. Eins verða sérstaklega skoðuð þau sveitarfélög og eða leikskólar sem eru í 13 mínútna styttingu á dag (38 klst. og 55 mín. vikulegan vinnutíma). Stýrihópurinn kallar eftir að sveitarfélög skili tímasettri áætlun fyrir 1. sept 2022 um hvernig markmiðum fylgiskjalsins verði náð. Eins getur stýrihópurinn kallað eftir slíkri áætlun eftir 1. sept. 2022 ef þurfa þykir.
- Fyrir lok ársins 2022 liggi fyrir mat á hlutfalli dvalartíma barna af vinnutíma starfsfólks á árinu 2021 í leikskólum eftir sveitarfélögum. Hópurinn ákveður í framhaldinu út frá því mati og samanburði við sambærilegt mat ársins 2020 hvaða sveitarfélögum verði veitt ráðgjöf um hvernig hægt er að ná markmiðum þessa fylgiskjals um betri vinnutíma í leikskólum. Eins verða sérstaklega skoðuð þau sveitarfélög og eða leikskólar sem eru í 13 mínútna styttingu á dag (38 klst. og 55 mín. vikulegan vinnutíma). Stýrihópurinn kallar eftir að sveitarfélög skili tímasettri áætlun fyrir 1. mars 2023 um hvernig markmiðum fylgiskjalsins verði náð.

Samningsaðilar eru sammála um að á samningstímanum fari fram markviss vinna samningsaðila við það að skoða hvort taka eigi upp frekari skilgreiningu á því hvað tilheyrir formlegu skólastarfi annars vegar og hins vegar hvað tilheyrir tómstunda/frístundastarfi á leikskólastiginu. Eins verði tekið upp samtal um skilgreiningu á skólaári og almennt þeim atriðum er líta að starfsumhverfi leikskólastigsins s.s. hvort eðlilegt sé að gæta samræmis við starfsumhverfi annarra skólastiga. Markmiðið er að jafna og viðhalda jöfnu flæði kennara á milli skólastiga.

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags leikskólakennara**

122. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara var haldinn miðvikudaginn 27. apríl 2022 í húsnæði ríkissáttasemjara og hófst kl. 15:00.

Á fundinum voru f.h. FL, Haraldur F. Gíslason, Sveinlaug Sigurðardóttir og Linda Ósk Sigurðardóttir.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Inga Rún Ólafsdóttir, Harpa Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Pá var gengið til dagskrár.

1. Starfsheitið Leiðsagnarkennari

Samningsaðilar eru sammála um að framlengja gildistíma ákvæðis um starfsheiti leiðsagnarkennara sem hljóðar svo:

Leiðsagnarkennari

Kennari sem tekur að sér leiðsögn við starfsnámsnema, nema/vettvangsnema og nýliða í starfi ber starfsheitið leiðsagnarkennari. Leiðsagnarkennari er faglegur leiðtogi í lærdómssamfélagi leikskóla og er/getur verið starfandi kennurum til ráðgjafar þegar kemur að starfsþróun og endurmenntun. Starf við leiðsögn skal aldrei vera minna en 20 % starfshlutfall og er alltaf tímabundið til eins skólaárs í senn. Leiðsagnarkennarinn skal fá að lágmarki 8 klukkustundir á viku til starfsins. Skilyrði er að leiðsagnarkennari hafi a.m.k. þriggja ára starfsreynslu og leyfisbréf til kennslu í leikskóla.

Viðfangsefni leiðsagnarkennara skulu útfærð nánar að frumkvæði leikskólastjóra í hverjum leikskóla fyrir sig í samráði við starfsmann sem falið er að sinna leiðsögn. Starfið skal þá taka mið af umfangi leiðsagnar s.s. útfrá fjölda nema, nýliða eða annarra þeirra verkefna sem kunna að snúa að hlutverki leiðsagnarkennara sem faglegur leiðtogi í lærdómssamfélagi leikskóla.

Leiðsagnarkennari 1: Leikskólakennari sem tekur að sér leiðsögn grunnraðast í launaflokk 235.

Leiðsagnarkennari 2: Sérkennari/Verkefnastjóri/Sérgreinakennari sem tekur að sér leiðsögn grunnraðast í launaflokk 236.

Leiðsagnarkennari 3: Deildarstjóri sem tekur að sér leiðsögn grunnraðast í launaflokk 237.

Leiðsagnarkennari 4: Sérkennslustjóri sem tekur að sér leiðsögn grunnraðast í launaflokk 238.

Starfsmaður sem tekur tímabundið að sér móttöku nema/vettvangsnema sem ekki eru í starfsnámi á lokaári fellur ekki undir starfsheiti Leiðsagnarkennara.

Leiðsagnarkennari sinnir leiðsögn við starfsnámsnema, vettvangsnema og nýliða vegna starfa þeirra á vettvangi s.s. við undirbúning kennslu, kennsluáætlanagerð, ráðgjöf vegna kennslu og annars samstarfs við nemendur, foreldrasamstarfs og annarra faglegra starfa sem starfi kennara tilheyra.

Í samráði við leikskólastjóra kemur leiðsagnarkennari að skipulagningu, áætlanagerð, mati og endurgjöf sem tengist leiðsögn við starfsnámsnema, vettvangsnema og nýliða og vinnur hann þá í samstarfi við háskóla viðkomandi starfsnáms-, vettvangsnema.

Starfsnámsnemi starfar að lágmarki í 50% starfi við kennslu á lokaári kennaranáms hvort sem námið er launað starfsnám eða ekki.

Vettvangsnemi/nemi er nemandi í kennaranámi sem ekki er starfsnámsnemi á lokaári.

Ákvæði kjarasamnings FL og SNS um leiðsagnarkennara gildir til 31. júlí 2023 en fellur þá niður án frekari fyrirvara nema samningsaðilar hafi tekið aðra ákvörðun fyrir þann tíma sbr. bókun 1 [2022].

2. Starfsumhverfi og ábyrgð deildarstjóra og sérkennslustjóra

Samningsaðilar eru sammála um að skipa starfshóp sem skilgreinir núverandi starf, verkefni og ábyrgðarsvið deildarstjóra og sérkennslustjóra í leikskólum og vinnur tillögur að uppfærðum starfslýsingum sem endurspeglar þá ábyrgð sem felst í núgildandi störfum deildarstjóra og sérkennslustjóra. Meðal annars skal horfa til starfslýsinga í gildandi kjarasamningi þar sem tilgreind er stjórnunarábyrgð þeirra sem millistjórnendur í leikskólum.

Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að endurmeta launaröðun deildarstjóra og sérkennslustjóra og að hún endurspegli framangreinda ábyrgð og annað sem hefur tekið breytingum í starfsumhverfi þeirra.

Starfshópurinn skilar niðurstöðu greiningar og tillögum að starfslýsingum til samningsaðila á samningstímanum.

Frá 1. maí 2022 og þar til að starfshópur hefur skilað niðurstöðu greiningar verða jafnframt greidd önnur laun er nema frá 21.000 kr. til 24.000 kr. á mánuði fyrir fullt starf til þeirra sem taka laun samkvæmt launatöflu A og starfa sem deildarstjórar eða sérkennslustjórar í leikskólum, enda hafi þeir ekki nú þegar slíkar aukagreiðslur.

Um er að ræða eftirfarandi starfsheiti og mánaðarlegar fjárhæðir. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall :

Starfsheiti	Önnur laun
Aðstoðarleikskólakennari með deildarstjórn	21.000
Aðstoðarleikskólakennari með sérkennslustjórn	21.000
Háskólamenntaður deildarstjóri með B.ed. próf í leikskólakennarafræðum	22.500
Háskólamenntaður sérkennslustjóri með B.ed í leikskólakennarafræðum	22.500
Deildarstjóri	24.000
Deildarstjóri staðgengill leikskólalastjóra	24.000
Sérkennslustjóri	24.000

Fleira ekki gert og fundi slitið.